

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2113/2005/EB

2008/EES/68/34

frá 14. desember 2005

um breytingu á ákvörðun nr. 2256/2003/EB með það í huga að framlengja áætlunina um miðlun góðra starfsvenja og eftirlit með upptöku upplýsinga- og samskiptatækni þannig að hún taki til ársins 2006 (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun nr. 2256/2003/EB ⁽³⁾ er komið á fót Modinis-áætluninni um eftirlit með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, miðlun góðra starfsvenja og auknið net- og upplýsingaöryggi á tímabilinu frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2005.
- 2) Ákvörðun nr. 2256/2003/EB var breytt með ákvörðun nr. 787/2004/EB til að aðlaga viðmiðunarfrjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins.
- 3) Í ályktun sinni frá 9. desember 2004 um framtíðarhorfur í upplýsinga- og fjarskiptatækni ⁽⁴⁾, hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að hefja undirbúning að eftirfylgni við aðgerðaáætlunina um rafræna Evrópu 2005 sem mikilvægan þátt í nýju framkvæmdaáætluninni fyrir upplýsingasamfélagið eftir 2005.
- 4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. nóvember 2004, sem ber yfirskriftina „Viðfangsefni fyrir upplýsingasamfélagið í Evrópu eftir 2005“, eru greind þau viðfangsefni sem fjalla skal um í áætlun um upplýsingasamfélagið í Evrópu til ársins 2010. Þar er hvatt til aukinnar notkunar upplýsinga- og samskiptatækni og til þess að áfram verði við stefnumótun tekið tillit til málefna er varða upplýsinga- og samskiptatækni,

og þar með er þörf á eftirliti og miðlun góðra starfsvenja. Orðsendingin markaði upphaf umræðna sem leiddu til nýs framtaksverkefnis um upplýsingasamfélagið á árinu 2005 sem á að hefjast árið 2006.

- 5) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 2005 til vofundar leiðtoga ráðsins sem bar yfirskriftina „vinnu saman í þágu hagvaxtar og atvinnu – nýtt upphaf fyrir Lissabon-áætlunina“, var tilkynnt um nýja framtaksverkefnið undir yfirskriftinni „i2010: upplýsingasamfélagið í Evrópu“, með það að markmiði að stuðla að útbreiðslu upplýsinga- og samskiptatækni.
- 6) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. júní 2005, undir yfirskriftinni „i2010 – upplýsingasamfélagið í Evrópu í þágu hagvaxtar og atvinnu“, eru tilgreind helstu pólitísku forgangsverkefnið í fimm ára áætlun til að stuðla að opnu og stafrænu hagkerfi. Með því að hvetja til miðlunar góðra starfsvenja og efla eftirlit með útbreiðslu þjónustu, sem byggir á upplýsinga- og samskiptatækni, einkum í samræmi við opnu samræmingaraðferðina, verður haldið áfram að styrkja skoðanaskiptin við hagsmunaaðila og aðildarríkin.
- 7) Í tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun (2007-2013) er lögð til rammaáætlun um aðgerðir Bandalagsins á sviði samkeppnishæfni og nýsköpunar á tímabilinu 2007 - 2013 sem sameinar sérstakar ráðstafanir Bandalagsins sem eru til þess fallin að efla framtakssemi, lítil og meðalstór fyrirtæki, samkeppnishæfni atvinnugreina, nýsköpun, upplýsinga- og samskiptatækni, umhverfistækni og skynsamlega stýringu orkunotkunar, þ.m.t. ráðstafanirnar sem kveðið er á um í ákvörðun nr. 2256/2003/EB.
- 8) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ⁽⁵⁾ er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um upplýsingasamfélagið. Þessar hagskýrslur hafa m.a. að geyma tilskildar upplýsingar svo að hægt sé að setja viðmið fyrir rafræna Evrópu, þær eru mikilvægar fyrir grunnhagvísana sem beitt er við eftirlit með frammistöðu aðildarríkjanna og nauðsynlegar til að samræmdur grunnur skapist til að greina upplýsingasamfélagið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 37.

⁽¹⁾ Álit var skilað 27. október 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 1. desember 2005.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 787/2004/EB (Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB C 62, 12.3.2005, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.

- 9) Á 12 mánaða tímabilinu frá lokum aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005 og þar til fyrirhugað er að rammaáætlunin hefjist árið 2007 er nauðsynlegt að fylgjast með útbreiðslu upplýsinga- og samskiptatækni í öllu hagkerfinu og styðja við hana með áframhaldandi setningu viðmiðana og tölfræðigreiningu, sem byggist á grunnhagvísu, og miðlun góðra starfsvenja. Aðgerðirnar, sem gripið er til samkvæmt áætluninni um setningu viðmiðana, góðar starfsvenjur og samræmingu stefnu á árinu 2006, munu stuðla að því að markmið ofangreindra orðsendinga framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 2005 og 1. júní 2005 náist.
- 10) Fyrirkomulaginu við eftirlit og miðlun reynslu, setningu viðmiðana, miðlun góðra starfsvenja og greiningu á efnahagslegum og samfélagslegum afleiðingum upplýsingasamfélagsins skal haldið áfram á árinu 2006 til að ná fram markmiðum orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 2005, sem miða að því að örva útbreiðslu upplýsinga- og samskiptatækni sem framhald framkvæmdaáætlunarinnar um rafræna Evrópu, og markmiðunum í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. júní 2005.
- 11) Því ber að breyta ákvörðun nr. 2256/2003/EB.
- c) að greina efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar upplýsingasamfélagsins í því skyni að greiða fyrir umfjöllun um stefnumál, einkum hvað varðar samkeppnishæfni, hagvaxtar og atvinnuála, svo og með tilliti til félagslegrar aðlögunar.
2. Sú starfsemi sem fellur undir áætlunina skal ganga þvert á atvinnugreinar og styðja þannig við aðgerðir Bandalagsins á öðrum sviðum. Engin þessara aðgerða skal vera endurtekning á þeirri vinnu sem er unnin á þessum sviðum samkvæmt öðrum áætlunum Bandalagsins. Aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt áætluninni og varða setningu viðmiðana, góðar starfsvenjur og samræmda stefnu, skulu miðast við markmið orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 2005 til vorfundar leiðtoga ráðsins, sem ber yfirskriftina „Vinnum saman í þágu hagvaxtar og atvinnu – nýtt upphaf fyrir Lissabon-áætlunina“ og miðar að því örva útbreiðslu upplýsinga- og samskiptatækni sem framhald framkvæmdaáætlunarinnar um rafræna Evrópu, einkum að efla breiðband, rafræna stjórnsýslu, rafræn viðskipti, rafræna heilbrigðisþjónustu og rafrænt nám og að ná markmiðum orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 1. júní 2005, sem ber yfirskriftina „i2010 – upplýsingasamfélagið í Evrópu í þágu hagvaxtar og atvinnu“, og stuðlar að opnu og stafrænu hagkerfi.
3. Áætlunin skal enn fremur vera sameiginlegur rammi fyrir frekara samspil á mismunandi vettvangi innan Evrópu, innlendum, svæðisbundnum og staðbundnum.“

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2256/2003/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„1. gr. a

1. Í áætluninni fyrir 2006 verður áfram fylgst með útbreiðslu og notkun upplýsinga- og samskiptatækni í öllu hagkerfinu og útbreiðslu góðra starfsvenja og markmið hennar eru eftirfarandi:

- a) að fylgjast með árangri sem næst í og hjá aðildarríkjunum og bera hann saman við það sem best gerist í heiminum með því að nota opinberar hagtölur ef hægt er,
- b) að styðja viðleitni aðildarríkjanna til að örva notkun upplýsinga- og samskiptatækni á innlendum, svæðisbundnum eða staðbundnum vettvangi með greiningu á góðum starfsvenjum og frekara samspli í þróun fyrirkomulags á miðlun reynslu,

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. a

Til að ná markmiðunum, sem um getur í 1. gr. a, skal ráðið í eftirfarandi flokk aðgerða:

a) Aðgerð 1

Eftirlit og samanburður á árangri:

— af söfnun og greiningu gagna á grundvelli viðmiðunarvísa, eins og þeir eru skilgreindir í ályktun ráðsins frá 18. febrúar 2003 um framkvæmd aðgerðaáætlunar um rafræna Evrópu 2005, þ.m.t. svæðisbundnir efnahagsvísar eftir því sem við á, og reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (*).

b) Aðgerð 2

Miðlun góðra starfsvenja:

— athuganir í þeim tilgangi að grafast fyrir um góðar starfsvenjur á innlendum, svæðisbundnum og staðbundnum vettvangi og stuðla þannig að árangursríkri útbreiðslu upplýsinga- og samskiptatækni í öllu hagkerfinu,

— stuðningur við markvissar ráðstefnur, málstofur eða vinnufundi, miðlunar-, upplýsinga- og samskiptastarf til stuðnings markmiðum orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar til vorfundar leiðtogaráðsins frá 2. febrúar 2005, sem ber yfirskriftina „Vinnum saman í þágu hagvaxtar og atvinnu – nýtt upphaf fyrir Lissabon-áætlunina“ og miðar að því að örva útbreiðslu upplýsinga- og samskiptatækni sem framhald framkvæmda-áætlunarinnar um rafræna Evrópu, og markmiðunum í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. júní 2005, sem ber yfirskriftina „i2010 – upplýsingasamfélagið í Evrópu í þágu hagvaxtar og atvinnu“, til að efla samvinnu og miðlun reynslu og góðra starfsvenja, eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 1. gr. a.

c) Aðgerð 3

Greining og skipulagsumfjöllun:

— að styðja við starf félagsfræðinga og hagfræðinga með það fyrir augum að útvega framkvæmdastjórninni tilföng fyrir greiningu á framtíðarstefnu.

3. Í stað fyrstu málsgreinar 4. gr. komi eftirfarandi:

„Áætlunin skal taka til tímabilsins frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2006.

Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd þessarar áætlunar skal hér með vera 30 160 000 evrur.“.

4. Í stað viðaukans komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. desember 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

C. CLARKE

forseti.

forseti.

(*) Stj. tíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.“

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Áætlun til margra ára um eftirlit með rafrænni Evrópu, miðlun góðra starfsvenja og aukid net- og upplýsingaöryggi (MODINIS)

Leiðbeinandi sundurliðun á kostnaði 2003 til 2005

Hlutfall af heildarfjárhagsáætlun eftir flokki og ári				
	2003	2004	2005	Samtals 2003 til 2005
Aðgerð 1 — Eftirlit og samanburður á árangri	12 %	14 %	14 %	40 %
Aðgerð 2 — Miðlun góðra starfsvenja	8 %	10 %	12 %	30 %
Aðgerð 3 — Greining og skipulagsumfjöllun	2 %	3 %	3 %	8 %
Aðgerð 4 — Aukið net- og upplýsingaöryggi	17 %	5 %	0 %	22 %
Hlutfall af heildarfjárhagsáætlun	39 %	32 %	29 %	100 %

Leiðbeinandi sundurliðun á kostnaði 2006

Hlutfall af heildarfjárhagsáætlun eftir flokki og ári	
	2006
Aðgerð 1 — Eftirlit með og samanburður á árangri	55 %
Aðgerð 2 — Miðlun góðra starfsvenja	30 %
Aðgerð 3 — Greining og skipulagsumfjöllun	15 %
Aðgerð 4 — Aukið net- og upplýsingaöryggi	0 %
Hlutfall af heildarfjárhagsáætlun	100 %